


FJÖLSKYLDUGILDI



Hér fyrir neðan eru þau svið sem algengt er að gildi fólks snúist um. Opnið hugann og ræðið það sem ykkur fjölskyldunni finnst mikilvægt á hverju sviði. Skriðið niður allar hugmyndir og ræðið vel. Meðfylgjandi eru spurningar sem hjálpa við þessar hugleiðingar. Komið ykkur svo saman um það mikilvægasta og skrifið á blaðið sem fylgir, og geymið blaðið á góðan og sýnilegan stað.

Þið notið svo gildin ykkar til að búa til lífið sem ykkur langar til að lifa saman og til að hjálpa ykkur að leysa vandamál og erfiðleika sem koma upp í lífinu.

SAMVERA

Hvað finnst ykkur gaman að gera saman? Hvað er nærandi samvera? Hvaða samveru mynduð þið vilja gera meira af? Hvað langar ykkur að prófa að gera nýtt saman? Hvaða samvera færir ykkur nær því lífi sem þið viljið lifa saman?

HEIMILIÐ

Hvað gerir heimilið ykkar gott? Hvernig viljið þið umgangast heimilið ykkar? Hvernig er heimilið mikilvægt fyrir ykkur og mismunandi meðlimi á mismunandi hátt?


SAMSKIPTI

Hvernig samskipti viljið þið leggja áherslu á innan fjölskyldunnar? Hvernig viljið þið koma fram við aðra? Hvernig viljið þið hafa samskiptin þegar upp kemur ágreiningur? Hvernig er tjáning á tilfinningum og líðan leyfð eða metin mikilvæg? Hvað finnst ykkur vera góð samskipti? Hægt er að hugsa líka um orð eins og hlustun, þolinmæði, taka tillit, standa með sér, þora, forðast, tipla á tánnum, vanda sig osfrv.

FRAMTÍÐIN

Hvernig fjölskylda viljið þið vera eftir mörg ár? Hvernig viljið þið vera þegar foreldrar eru orðnir amma og afi og börnin orðnir foreldrar?

GILDIN OKKAR



Notum gildin okkar til að búa til lífið sem okkur langar til að lifa saman og til að hjálpa okkur að leysa vandamál og erfiðleika sem koma upp í lífinu.